

**Ed.**

**846. Frumvarp til laga**

[253. mál]

um breyting á lögum nr. 115 19. nóv. 1936, um þingskóp Alþingis.

(Eftir 2. umr. i Ed., 16. maí.)

**1. gr.**

1. másl. 2. málsgr. 1. gr. laganna orðist svo:

Til þess að prófa kjörbréf og kosningu nýkosinna þingmanna og varaþingmanna eftir hverjar almennar kosningar til Alþingis ganga þingmenn eftir hlutkesti í 3 jafnar deildir, meðan til vinnst.

**2. gr.**

2.—3. másl. 1. málsgr. 8. gr. laganna orðist svo:

En kosning til efri deildar er fyrir allt kjörtimabilið. Svo er og um kosningu kjörbréfaneftndar samkv. 4. gr.

**3. gr.**

Orðin „og skulu laun hans ákveðin í launalögum“ í 2. málsgr. 11. gr. laganna falli niður.

**4. gr.**

13. gr. laganna falli niður. Greinatala breytist samkv. þessu.

**5. gr.**

16. gr. laganna orðist svo:

Á 2. fundi sameinaðs Alþingis skulu kosnar þessar fastanefndir:

1. fjárveitinganefnd, skipuð 9 mönnum,
2. utanríkismálanefnd, skipuð 7 mönnum og 7 til vara,
3. atvinnumálanefnd, skipuð 7 mönnum,
4. allsherjarnefnd, skipuð 7 mönnum.

Fjárveitinganefnd fjallar um frumvörp til fjárlaga og fjáraukalaga og þings-ályktunartillögur, sem til hennar kann að verða vísað og fara fram á útgjöld úr ríkissjóði. Til utanríkismálanefndar skal vísa utanríkismálum. Utanríkismálanefnd starfar einnig milli þinga og er ríkisstjórninni til ráðuneytis um meiri háttar utanríkismál, enda skal ríkisstjórnin ávallt bera undir hana slik mál jafnt milli þinga sem á þingtíma. Nefndarmenn eru bundnir þagnarskyldu um þá vitneskju, sem þeir fá í nefndinni, ef formaður eða ráðherra kveður svo á. Til atvinnumálanefndar skal vísa þeim málum, sem landbúnaðar-, sjávarútvegs- og iðnaðarnefndir í deildum mundu fjalla um, ef borin væru fram í frumvarpsformi. Til allsherjarnefndar skal vísa öðrum málum, sem þingið ákveður.

Hvor þingdeild skal og kjósa fastanefndir til að fjalla um ákveðnar tegundir mala, og skal það gert á öðrum þingfundum hvorðar deildar. Fastanefndir skulu í hvorri deild vera sem hér segir, skipaðar allt að 7 mönnum hver nefnd:

- 1) fjárhags- og viðskiptanefnd,
- 2) samgöngunefnd,
- 3) landbúnaðarnefnd,
- 4) sjávarútvegsnefnd,
- 5) iðnaðarnefnd,
- 6) félagsmálanefnd,
- 7) heilbrigðis- og trygginganefnd,
- 8) menntamálanefnd,
- 9) allsherjarnefnd.

Hver fastanefnd þingsins og deilda þess kýs sér formann, varaformann og fundaskrifara.

Formenn fastanefnda í hvorri deild, forseti og fyrri varaforseti skulu skipa eina nefnd, vinnunefnd, og er forseti formaður hennar. Hún skal skipa fyrir um fundatíma og fundastaði nefndanna og sjá um, að þeir rekist ekki á.

Nú þykir nauðsyn til bera, vegna vinnubragða, að hafa mannaskipti í nefndum, lengur eða skemur, og skal vinnunefndin þá hlutast til uni, að mannaskiptin komist á, þó svo, að viðkomandi fastanefndir samþykki. Náist ekki samkomulag, má vinnunefnd skjóta ágreiningnum undir úrskurð deildarinnar.

Til fastanefndanna getur hvor þingdeild vísað þeim þingmálum, sem fyrir deildina eru lögð og þörf þykir, að nefnd ihugi, og skal þá að jafnaði vísa hverju máli til sömu fastanefndar í báðum deildum. Það er samvinnunefnd, ef samkynja fastanefndir beggja deilda vinna saman að athugun mála, sem vísað hefur verið til annarrar nefndarinnar.

Heimilt er þó hvorri deild eða sameinuðu þingi að kjósa lausaneftndir til að ihuga einstök mál. Hver lausaneftnd kýs sér formann og ritara. Einnig er sameinuðu þingi eða hvorri deild heimilt að ákveða, að fastanefnd vinni að athugun máls milli þinga.

Nefndir kjósa sér framsögumann fyrir hvert mál, sem þær fjalla um. Engum fastanefndarmanni er skyld að hafa á hendi í senn framsögu í fleiri málum en tveimur.

Visa má máli til nefndar á hverju stigi þess. Sé það gert áður en umræðu er lokið, þá skal henni frestað.

#### 6. gr.

19. gr. laganna orðist svo:

Lagafrumvörp skulu vera samin með lagasniði, og skal prenta þau og útbýta þeim meðal þingmanná á fundi. Hverju frumvarpi skal fylgja stutt greinargerð fyrir tilgangi þess yfirleitt og skýring á höfuðákvæðum. Eigi má taka frumvarp til umræðu fyrr en liðin er að minnsta kosti ein nóttr frá því, er því var útbýtt.

#### 7. gr.

Orðin „og skal það prentað og því útbýtt“ í 25. gr. laganna falli niður.

#### 8. gr.

Í stað „má“ í 3. málsgri. 29. gr. laganna komi: skal.

#### 9. gr.

Á eftir 30. gr. laganna komi tvær nýjar greinar, svo hljóðandi:

- Ef ráðherra óskar að gera grein fyrir opinberu málefni, gerir hann það með skýrslu til Alþingis, er skal prentuð og útbýtt meðal þingmanná á fundi.

Ef ráðherra óskar, skal skýrslan tekin til umræðu. Sama gildir, ef níu þingmenn óska þess. Ráðherrann gerir grein fyrir skýrslunni, og er þingmönnum þá rétt að taka þátt í umræðunni. Þingmenn, aðrir en ráðherrar, mega þó ekki tala oftar en tvísvar.

Við umræðu um skýrslu má engar ályktanir gera.

- Níu þingmenn geta óskað skýrslu ráðherra um opinbert málefni. Skal beiðnin vera skrifleg og beint til forseta, og má fylgja henni stutt greinargerð. Skal beiðnin prentuð og útbýtt meðal þingmanná á fundi. Á næsta fundi í sameinuðu þingi ber forseti það undir atkvæði umræðulaust, hvort beiðnin skuli leyfð eða ekki. Forseti tilkynnir hlutaðeigandi ráðherra um beiðni um skýrslu, sem leyfð hefur verið.

Er ráðherra hefur lokið skýrslugerðinni, skal skýrslan prentuð og útbýtt meðal þingmanná á fundi.

Ef ráðherra eða skýrslubeiðendur, einn eða fleiri, óska þess, skal skýrslan tekin til umræðu. Ráðherra gerir grein fyrir henni. Þingmenn mega taka þátt í umræðunni, en aðrir en ráðherra mega þó ekki tala oftar en tvisvar.

Við umræðu um skýrslu má engar ályktanir gera.

#### 10. gr.

Í stað 1. mgr. 31. gr. laganna (sbr. lög nr. 22/1947) komi sex málsgreinar, sem orðist svo:

Vilji alþingismaður óska upplýsinga ráðherra eða svarts um opinbert málefni eða einstakt atriði þess, gerir hann það með fyrirspurn í sameinuðu Alþingi, er afhent sé forseta. Fyrirspurn skal vera skýr, um afmörkuð atriði eða mál, sem ráðherra ber ábyrgð á, og sé við það miðað, að hægt sé að svara henni í stuttu máli. Alþingismaður segir til um það, hvort hann óskar skriflegs eða munnlegs svarts. Stutt greinargerð má fylgja fyrirspurn, ef óskað er skriflegs svarts.

Forseti ákveður samdægurs, hvort fyrirspurn skuli leyfð eða ekki. Ef vafi er, getur forseti þó horið málid umræðulaust undir atkvæði á næsta fundi í sameinuðu þingi. Skal það einnig gert, ef fyrirspyrjandi óskar þess, er forseti synjar fyrirspurn.

Fyrirspurn skal prentuð og útbýtt meðal þingmanna á fundi. Fyrirspurn, sem leyfð hefur verið, skal sendi hlutaðeigandi ráðherra eða ráðherrum.

Á sérstökum fundi í sameinuðu þingi skal forseti taka á dagskrá munnlegar fyrirspurnir, er leyfðar hafa verið í síðasta lagi fjórum virkum dögum fyrir fundinn. Fyrirspurn skal þó ekki tekin á dagskrá síðar en átta virkum dögum eftir að hún var leyfð.

Fyrirspyrjandi eða framsögumaður fyrirspyrjenda mælir fyrir fyrirspurn. Ráðherra eða ráðherrar, er hlut eiga að mál, svara síðan fyrirspurn. Ráðherra má að jafnaði ekki tala oftar en tvisvar og þingmenn ekki nema tvisvar. Ráðherra má eigi tala lengur en 10 mínútur í senn og fyrirspyrjandi eða framsögumaður fyrirspyrjenda 5 mínútur í senn, en aðrir þingmenn eða ráðherrar 2 mínútur í senn.

Ef óskað er skriflegs svarts, sendir ráðherra forseta það eigi síðar en sex virkum dögum eftir að fyrirspurn var leyfð. Forseti sendir fyrirspyrjanda svarið. Skal prenta fyrirspurn og svar í Alþingistiðindum.

#### 11. gr.

Orðin „enda neiti ráðherra ekki um leyfið“ í niðurlagi 43. gr. laganna (sbr. lög nr. 99/1952) falli niður.

#### 12. gr.

48. gr. laganna breytist þannig:

- Fyrir orðin „skal beita hlutfallskosningu með aðferð þeirri, er kennd er við de Hondt (listakosning)“ í 1. mgr. komi: er forseta heimilt að beita hlutfallskosningu með aðferð þeirri, er kennd er við de Hondt (listakosning). Saman aðferð skal viðhöfð.
- Á eftir 4. mgr. komi ný málsgrein, svo hljóðandi:  
Ef kjósa skal einnig varamenn, skal listi, sem hlotið hefur mann eða menn, eiga rétt til jafnmargra varamanna í þeirri röð, sem þeir standa á listanum.

#### 13. gr.

2. mgr. 51. gr. laganna orðist svo:

Pá skal og útvarpa innan tveggja vikna frá þingsetningu stefnuræðu forsætisráðherra og umræðu um hana, en eftirrit af ræðunni skal afhent formanni hvers þingflokk eigi síðar en viku áður en hún er flutt. Umferðir skulu vera tvær. Í fyrri

umferð hefur forsætisráðherra til umráða allt að hálfrí klukkustund og fulltrúar annarra þingflokka en forsætisráðherrans 20 mínútur hver. Í annarri umferð hefur hver flokkur 10 mínútur til umráða.

14. gr.

1. mgr. 53. gr. laganna orðist svo:

Á síðari hluta þings skal útvarpa almennum stjórnmálaumræðum. Hver þingflokkur fær til umráða hálfa klukkustund.

15. gr.

Á eftir 53. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:

Útvarpa skal umræðu um vantraust, ef 9 þingmenn krefjast þess.

16. gr.

54. gr. laganna orðist svo:

Þegar útvarpað er umræðu um önnur mál en þau, er í 51. og 53. gr. segir, fær hver þingflokkur til umráða þrjátíu mínútur.

Þegar útvarpi umræðu samkvæmt þessari grein er lokið, getur umræða haldið áfram eftir venjulegum reglum.

17. gr.

Á eftir 54. gr. laganna komi ný grein, svo hljóðandi:

Forseti getur, með samþykki allra þingflokka, ákveðið, að ræðutími í einstökum umferðum skuli vera annar en til er tekið í öðrum greinum þessa kafla.

18. gr.

Aftan við 55. gr. laganna bætist:

Sama gildir, ef þingflokkur óskar, að útvarpað verði umræðum á þingfundu eða hluta af þingfundu.

19. gr.

Á eftir 56. gr. laganna komi ný grein, svo hljóðandi:

Ef Ríkisútvarpið óskar að útvarpa umræðu eða hluta af umræðu, beinir það tilmælum sínum til hlutaðeigandi forseta. Forseti tekur þau tilmæli á dagskrá og ákveður þingið eða þingdeild, að lokinni umræðu, hvort leyfð skuli. Þegar útvarpað er umræðu á þennan hátt, skal þess gætt, að ræðutími skiptist sem jafnast milli flokka eða mismunandi sjónarmiða.

20. gr.

Á eftir 60. gr. laganna komi ný grein, svo hljóðandi:

Í þessum kafla er orðið útvarp notað um hljóðvarp og enn fremur um sjónvarp, eftir því sem við á.

21. gr.

Á eftir 62. gr. laganna komi ný grein, svo hljóðandi:

Umræður þingdeildanna og sameinaðs þings, ásamt þingskjölum og atkvæða-greiðslum, skal prenta jafnóðum og gefa síðan út í Alþingistíðindum.

22. gr.

Orðin „ráðherra synjar ekki og“ í 64. gr. laganna falli niður og enn fremur síðasti málsl. lagagreinarinnar.

23. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.